

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 31. ágúst 2004 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 16⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Árshlutayfirlit rekstrar jan.-ágúst 2004 fyrir sveitarsjóð og stofnanir.

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarsjóðs og B-hluta stofnana fyrir fyrstu 7 mánuði ársins og samanburður við fjárhagsáætlun. Sveitarstjóri kynnti fyrirleggjandi gögn og skýrði helstu niðurstöður. Fram kom m.a. að hluti kostnaðar og tekna vegna innri viðskipta er ófærður þar sem hann færir í heild einu sinni á ári. Hreppsnefnd ræddi fyrirleggjandi gögn og rekstur sveitarfélagsins almennt en gerði ekki sérstakar athugasemdir vegna fyrirleggjandi gagna.

2. Kosning í skólanefnd Höfðaskóla.

Hreppsnefnd samþykkti að skólanefnd verði þannig skipuð:

- | | | |
|--------------------------|----------|-----------------------|
| • Birna Sveinsdóttir | til vara | Adolf H. Berndsen |
| • Fannar Viggósson | til vara | Gígja H. Óskarsdóttir |
| • Björn Hallbjörnsson | til vara | Gunnar Halldórsson |
| • Dóra Sveinbjörnsdóttir | til vara | Tryggvi Hlynsson |

3. Bréf

- a) Sjávarútvegsráðuneytisins um byggðakvóta, dags. 16. ágúst 2004.

Í bréfinu er greint frá að á fiskveiðiárinu 2004-2005 muni allt að 3.200 þorskígildum samtals ráðstafað til stuðnings byggðarlögum sem hafa lent í samdrætti í sjávarútvegi og eru háð veiðum og vinnslu eða hafa orðið fyrir óvæntum skerðingum á aflaheimildum fiskiskipa sem hafa landað í viðkomandi byggð. Í bréfinu er einnig greint frá að sveitarstjórnir sem hyggist sækja um byggðakvóta þurfi að gera ítarlega grein fyrir vanda byggðarlagsins sem talin er að rekja megi til samdráttar í sjávarútvegi á síðustu árum og fyrir þýðingu veiða og vinnslu fyrir byggðarlagið.

Umræður urðu um efni bréfsins og rætt um hvaða breytingar hafi orðið á veiðum og vinnslu á staðnum milli ára. Samþykkt að sækja um byggðakvóta, m.a. með tilliti til breytinga á útgerð og vinnslu sjávarafurða. Jafnframt var samþykkt að óska eftir greinargerð frá þeim sem fengu úhlutaðan byggðakvóta á því kvótaári sem er að ljúka.

- b) Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra, dags. 10. ágúst 2004.

Í bréfi félagsins er lögð áhersla á að sérstakir æfingartímar verði fyrir eldri borgara í sundlaug og íþróttahúsi. Samþykkt að beina erindinu til íþrótt- og tómsfundafulltrúa í samráði umsjónarmenn félagsstarfs eldri borgara og húsvarðar íþróttahúss.

- c) Guðmundar Sigvaldas. fh. umhverfiseildar Akureyrarbæjar, dags. 29. júlí 2004.

Í bréfinu er boðað til málþings um Staðardagskrá 21 á Akureyri föstudaginn 10. september nk.

Bréfið var til kynningar

- d) Sveitarstjóra f.h. hreppsnefndar til Styrktarsjóðs EBÍ, dags. 17. ágúst 2004.
Í bréfinu sækir sveitarstjóri fyrir hönd hreppsnefndar um styrk til EBÍ til að koma upp hringsjá á Spákonufellshöfða í samstarfi við Lionsklúbb Skagastrandar.
- e) Elíasar B. Arnasonar.
Í bréfinu óskar Elías eftir styrk til upsetningar lítils hljóðupptökuvers.
Samþykkt að styrkja framtakið með 50 þús. kr. framlagi.
- f) Ámundakinnar ehf. dags. 4. ágúst 2004.
Í bréfinu þakkar Jóhannes Torfason f.h. Ámundakinnar ehf. þann velvilja sem hafi verið sýndur með framlagi hlutafjár í fyrirtækið.
Bréfið var til kynningar.
- g) Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands, dags. 27. júlí 2004.
Í bréfinu er greint frá ágóðahlutagreiðslu 2004 sem er 2.190 þús.
Bréfið var til kynningar.
- h) Aflsins, systursamtaka Stígamóta, dags. 21. júlí 2004.
Í bréfinu er óskað eftir framlagi til reksturs samtakanna.
Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.
- i) Ringerike kommune, dags. 12. júlí 2004.
Í bréfinu eru þakkaðar móttökur á vinabæjamóti í júní sl. Í bréfinu er einnig greint frá fyrihugaðri heimsókn frá Hov-skóla í Ringerike í haust þar sem fulltrúar skólans munu vinna að heimsókn nemenda til Skagastrandar á næsta ári.
Bréfið var til kynningar.
- j) Formanns Norrænafélagsins á Íslandi, dags. 14. júlí 2004.
Í bréfinu þakkar formaður Norrænafélagsins góðar móttökur á vinabæjamótinu.
Bréfið var til kynningar.
- k) Björgunarbátasjóðs Húnaflóa, dags. 19. maí 2004.
Í bréfinu er óskað eftir styrk til sjóðsins vegna fyrirhugðara kaupa á bjögunarskipi sem væri staðsett á Skagaströnd og hefði Húnaflóa sem þjónustusvæði. Lagt er til að sveitarfélögin við Húnaflóa greiði sem nemur 200 kr./íbúa á ári 2004 og 2005 en Höfðahreppur greiði tvöfalda þá upphæð. Framlag Höfðahrepps yrði skv. því 234 þús hvort ár.
Erindið var samþykkt.
- l) Landsambands skógareigenda.
Í bréfinu er óskað eftir styrk til að halda sjöunda ársfund skógareigenda. Samþykkt að styrkja samtökin um 15 þús. kr.

4. Fundargerðir:

- a) Húsnæðisnefndar, 15. júlí 2004.

Fundargerðin var samþykkt.

b) Húsnæðisnefndar, 12. ágúst 2004.
Fundargerðin var samþykkt.

c) Leikskólanefndar, 16. ágúst 2004.
Fundargerðin var samþykkt.

d) Hafnarnefndar, 23. ágúst 2004.
Fundargerðin var samþykkt.

e) Héraðsráðs, 10. ágúst 2004.
Fundargerðin var til kynningar.

f) Stjórnar SSNV, 5. júlí 2004.
Fundargerðin var til kynningar.

g) Stjórnar SSNV, 3. ágúst 2004.
Fundargerðin var til kynningar.

h) Heilbrigðisnefndar Nl.vestra, 29. júlí 2004.
Fundargerðin var til kynningar.

i) Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 17. ágúst 2004.
Fundargerðin var til kynningar.

j) Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 25. júní 2004.
Fundargerðin var til kynningar.

5. Önnur mál.

a) Oddviti lagði fram svohljóðandi tillögu:

Hreppsnefnd Höfðahrepps lýsir verulegum áhyggjum vegna fyrirhugaðrar álagningar veiðileyfagjalds á sjávarútveg. Rekstrarumhverfi sjávarútvegs er mjög þungt um þessar mundir. Gengisþróun, lækkandi afurðaverð í erlendri mynt samfara hækkandi olúuverði hefur reynst sjávarútveginum mjög erfitt.

Hreppsnefnd skorar því á stjórnvöld að fresta álagningu veiðileyfagjalds. Komi hins vegar til álagningar þess er frumskilyrði að fjármunir þeir sem innheimtast með gjaldinu verði ráðstafað til uppbyggingar á landsbyggðinni, þar sem stærsti hluti sjávarútvegs er starfræktur í dag. Hreppsnefnd telur skynsamlegast að hafnarsjóðir sveitarfélaga fengi hluta umrædds veiðileyfagjalds, komi til álagningar þess.

Tillagan var samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að senda hana til sjávarútvegsráðherra og sjávarútvegsnefndar Alþingis.

b) Sveitarstjóri greindi frá athugunum sem gerðar hafa verið í brekkunum fyrir ofan golfvöllinn í Háagerði og sagði frá óskum Golfklúbbsins um vatnslögn sem geti m.a. vökvað flatir á þurrum sumrum. Fram kom að vatn er talið nægjanlegt á svæðinu og mun ódýrara sé að virkja það en leggja aðveituað frá vatnsveitu

1040-40

**Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir**

bæjarins. Áætlaður kostnaður við framkvæmdina sé um 700 þús. kr. Samþykkt að ráðast í framkvæmdina.

- c) Sveitarstjóri lagði til að keypt verði hljókerfi í Fellsborg sem boðið hafi verið til sölu af ákveðnum aðila. Samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 19⁰⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gígja H. Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

6. september 2004